

## Stjórnarfundur STEFs 3. október 2022 — Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs fimmtudaginn 13. október 2022 og hófst hann kl. 10:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigríður Thorlacius, Sigurður Flosason og Eyþór Gunnarsson. Þá mættu varamennirnir Pétur S. Jónsson fyrir Hall Ingólfsson og Páll Ragnar Pálsson fyrir Þuríði Jónsdóttur. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 11. ágúst og útdráttur úr fundargerðinni voru lögð fram og samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram og rætt.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

1. Study – Streaming Market – GESAC – íslensk þýðing.
2. Erindi til menningar- og viðskiptaráðuneytis vegna verka Jóns Leifs.
3. Umsögn STEFs um frumvarp laga um tónlist og umsögn STEFs um drög að tónlistarstefnu.

Undir þessum lið var til viðbótar farið yfir stöðuna á skipulagningu á *Degi íslenskrar tónlistar og íslensku tónlistarverðlaunum*. Í því sambandi voru lagðar fram hugmyndir að verðlaunahöfum á *Degi íslenskrar tónlistar* svo og heiðursverðlaunahafa á ÍTV.

Þá var einnig rætt um mikilvægi ISRC-kóða fyrir samkeyrslu verka sem streymt er og að auglýsa það betur fyrir meðlimum.

3. Milluppgjör úr rekstri (janúar til ágúst 2022).

Guðmundur Þór Guðjónsson, fjármálastjóri STEFs, kynnti milliuppgjörið. Milliuppgjörið sýnir hækkun á innlendra sölu milli ára, mest hækkun er í bakgrunnstónlist, svo og í fluggeiranum og af tónleikum. Er nýr samningur við Hörpu um innheimtu hefur gefið góða raun. Hins vegar er nokkur lækkun milli ára á tekjum frá erlendum systursamtökum STEFs. Verður það brotið betur niður og skoðað, en líklegast er að þarna sé að koma dýfa í kjölfar heimsfaraldursins og minni tónleikaferða erlendis á árinu 2021.

4. Þjónustukönnun STEFs – niðurstöður kynntar – frh. frá síðasta stjórnarfundum.

Niðurstöður könnunarinnar hvað varðar spurningu um mögulega sameiningu aðildarfélaganna FTT og TÍ voru greindar nánar með tilliti til félagsaðildar. Greiningin sýndi að 45% sem ekki voru í þessum félögum voru jákvæðir fyrir sameiningu, en 54% óákveðnir. Félagsmenn FTT voru í meirihluta jákvæðir fyrir sameiningu (52%), á meðan 42% voru óákveðnir og 6% á móti. Félagsmenn TÍ voru skiptari í sinni afstöðu, en þar voru 54% ekki viss og 23% á móti og jafnmargir með. Þess ber þó að geta, að mengi félagsmanna TÍ sem tóku þátt í könnuninni var fremur lítið og því hugsanlega ekki mjög marktækt.

Rætt var um, að til að geta skoðað þetta mál af fullri alvöru, þá þyrfti að eiga sér stað betri greining á kostum og göllum mögulegrar sameiningar, enda sýni könnunin að margir treysti sér ekki til að taka

afstöðu með eða á móti slíkri sameiningu. Þyrfti þá að fá einhvern utanaðkomandi aðila til að framkvæma slíka greiningu. Ákveðið var að aðildarfélögin myndu ræða niðurstöður könnunarinnar innan sinna raða og kanna betur hug félagsmanna áður en lengra væri haldið.

5. *Tónlistarmiðstöð* – aðkoma STEFs í formi rekstrarfjár og tilnefning stjórnarmanns.

Ákveðið var að framkvæmdastjóri STEFs myndi taka þátt í undirbúningi stofnunarinnar af hálfu STEFs og setjast í bráðabirgðastjórn hennar.

6. *Stórverkasjóður* – undirbúningur stofnunar. Drög að reglum um sjóðinn lögð fram. Tilnefning fjögurra stjórnarmanna.

Drögin að reglum sjóðsins voru kynnt, en þau eru afrakstur vinnu nefndar, sem stjórn STEFs skipaði og hittist á milli stjórnarfunda. Ákveðið var að fresta ákvörðun um þennan lið og að drögin að reglum yrðu lögð aftur fyrir næsta fund til samþykktar. Þá munu aðildarfélög STEFs, FTT og TÍ, nota tímamann milli stjórnarfunda til að koma fram með tilnefningar á mögulegum stjórnarmönnum.

7. Tilnefning nýs fulltrúa STEFs í stjórn SUT-sjóðsins, í stað Úlfars Inga, sem hefur beðist lausnar. Ákveðið er að Sigríður Thorlacius taki sæti Úlfars.

8. Önnur mál.

- *Mínar síður* – ábendingar frá stjórnarmönnum. Í ljósi þess að ábendingar sem fram komu í þjónustukönnun STEFs voru mjög almenns eðlis og nýttust illa við áframhaldandi þróun á *Mínum síðum*, þá tóku stjórnarmenn að sér að rýna til gagns skráningarkerfi STEFs. Niðurstaðan var sú að fram komu ýmsar ábendingar um það sem stjórnarmönnum fannst að betur mætti fara. Sérstaklega var kallað eftir myndrænni framsetningu á úthlutunum í formi einhvers konar mælaborðs.

- *Úrbótasjóður tónleikastaða* – beiðni um þátttöku STEFs í verkefninu.

Ákveðið var að STEF myndi ekki styrkja verkefnið að þessu sinni, en STEF studdi það með hóflegu fjárframlagi þegar verkefnið var fyrst sett af stað, svo og á síðasta ári í ljósi erfiðrar stöðu tónleikastaða eftir heimsfaraldurinn.

- *Norrænir músíkdagar* – beiðni um styrk.

Ákveðið var að STEF myndi styrkja TÍ um 1,5 milljónir til að halda *Norræna músíkdaga 2022*, en það kemur í hlut TÍ að halda þessa hátíð á fimm ára fresti. Þórunn Gréta Sigurðardóttir vék af fundi á meðan þetta erindi var afgreitt.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:30.